

málinu: Frumvarp til laga um landsdóm.

Það hefir orðið að ráði í nefndinni, að halda eigi til streitu nú á þessu þingi frumvarpi því, er tveir nefndarmanna (B. J. og E. A.) hafa flutt í deildinni, og taka þeir frv. því aftur.

Nefndin er að vísu öll þeirrar skoðunar, að þörf sje á að endurskoða lögini um landsdóm, nr. 11 frá 20. okt. 1905. En meiri hluti nefndarinnar (J. M., E. J. og P. J.) telur málið eigi nægilega undirbúið til þess að ný lög um það verði samþykkt nú þegar á þessu þingi. Það hefir því orðið að samkomulagi, að beina málinu til landsstjórnarinnar, og vill nefndin fara fram á það, að stjórnin undirbúi málið og leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um landsdóm.

Meiri hluti nefndarinnar (B. J., E. A. og P. J.) telur þó ekkert vera því til fyrirstöðu, að nú þegar sjeu bætur ráðnar á mestu göllunum, er mönnum virðist koma saman um, að sjeu á landsdómslögum, þeim er nú gilda. Þessir aðal-gallar eru:

1. Ákvæði 11. gr. um *dómruðningu*. Fer meiri hluta nefndarinnar fram á það í frumvarpi, sem hann leyfir sjer að leggja fyrir háttv. deild, að þessu ákvæði verði þann veg breytt, að eigi sje rutt nema 2 hinna sjálfkjörnu dómandi og að jafn sje ruðningarrjettur beggja málsaðilja, svo sem við verður komið, eftir því skipulagi, sem á dóminum er samkvæmt nógildandi lögum.
2. Þá er farið fram á það, að ákveðið verði, að *forseti dómsins skuli ávallt verða tekinn úr flokki hinna lögfróðu sjálfkjörnu dómandi*. Þykir þar með fengin meiri trygging fyrir því, að dómurinn ræki löglega og skipulega starfa sinn en nú er, þar sem dómsforseti getur verið ólögfróður maður, sem ef til vill hefir aldrei í dómi setið og aldrei við dómstörf fengist.
3. Þá er ákvæði 16. gr. landsdómslaganna um það, *hvern meiri hluta þurfi til þess að dæma ráðherra til refsingar eða skaðabóta*. Nú þarf $\frac{4}{5}$ dómandi til þess, eða 12 af 15, ef dómur er fullskipaður. Nú mega hið fæsta 12 skipa dóminn. Ef dómendur eru að eins 12 eða 13 þarf 10 til að dæma ákærðan sekan. Ef þeir eru 14 þarf 11. Þetta þykir meiri hluta nefndarinnar of harðar kröfur, enda mundu miklar vera sakir og öldungis auðsæjar, ef eigi fengjust 3—4 dómendur til þess að greiða atkvæði með sýknun ákærðs.

Að þessu sinni hefir meiri hluti nefndarinnar viljað láta sjer nægja með að fara fram á þessar breytingar á landsdómslögum. Og leyfir meiri hlutinn sjer að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. á þingskj. 202.

Alþingi 24. júlí 1914.

Jón Magnússon,
formaður.

Einar Arnórsson,
skrifari.

Þorleifur Jónsson. Bjarni Jónsson frá Vogu. Einar Jónsson.